



# MENNINGARSTEFNA VESTMANNAEYJA

2026-2031



Menningu má skilgreina sem það sem fólk lærir, miðlar áfram og deilir sem samfélag. Hún mótar hvernig við hugsum, lifum og skiljum heiminn. Án menningar væri samfélagið andlega snautt því í henni felst saga og sköpun einstaklinga og samfélaga. Menningin nærir sálina og sameinar okkur. Því er mikilvægt að varðveita og miðla þeim arfi sem við eigum, gera hann aðgengilegan og sýnilegan – og skapa um leið traust rými og skilyrði fyrir nýja sköpun og blómlegt menningarlíf.

*Menning, samkvæmt rýnihópum um menningarstefnu.*

Ljósmyndir: Óskar Pétur Friðriksson (kápa og bls.6) - Frosti Gíslason (bls 12) - Aðrar myndir eru úr myndasafni Vestmannaeyjabæjar.



## INNGANGUR

Á 3213. fundi bæjarráðs, þann 5. apríl 2024, var samþykkt að fela framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, forstöðumanni Safnahúss Vestmannaeyja, forstöðumanni Eldheima og safnstjóra Sagnheima að vinna að undirbúningi og tímalínu við gerð nýrrar menningarstefnu og leggja fyrir bæjarráð tillögu að verkefninu.

Hópurinn skilaði niðurstöðum í janúar 2025. Þar var lagt til að ráðinn yrði verkefnisstjóri til að halda utan um verkefnið og að með honum starfaði stýrihópur skipaður forstöðumanni Safnahúss, forstöðumanni Eldheima og safnstjóra Sagnheima. Framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs var falið að fylgja verkefninu eftir.

Stýrihópurinn hóf störf í mars 2025 og skilaði af sér niðurstöðum 15. apríl 2026. Alls voru haldnir 8 formlegir fundir á tímabilinu, auk óformlegra vinnufunda. Lögð var áhersla á rýnihópaviðtöl, þar sem rætt var við hagaðila í samfélaginu. Samtals var rætt við um 150 íbúa á aldrinum 5-80 ára í 18 hagsmunahópum. Auk þess var settur upp hugmyndakassi í Safnahúsi Vestmannaeyja, netfangið [menningarstefna@vestmannaeyjar.is](mailto:menningarstefna@vestmannaeyjar.is) virkjað og send út nafnlaus könnun þar sem íbúar gátu sagt álit sitt á menningarmálum og komið á framfæri hugmyndum og ábendingum. Alls svöruðu 68 einstaklingar könnuninni.

Niðurstöður stýrihópsins endurspeгла áherslur íbúa í menningarmálum og mynda grunn að skýrri og framkvæmanlegri menningarstefnu fyrir Vestmannaeyjabæ.



## MEGINTILGANGUR STEFNUNNAR

Menningarstefna Vestmannaeyja:

- byggir á viðhorfum og skoðunum íbúa og hagaðila og er mótuð í samráði við þá
- er vegvísir um helstu áherslur bæjarins í menningarmálum
- styður við fjölbreytta menningu, aukið aðgengi íbúa að menningu og virka þátttöku þeirra
- tekur breytingum í takt við nýja tíma og áherslur í umhverfinu
- er studd árangursmælikvörðum, skýrri ábyrgð og reglulegri eftirfylgni
- byggir á fjórum meginþáttum, að skapa *vettvang, styðja lifandi samfélag, efla tengsl og miðla menningararfleifð*.

## FRAMTÍÐARSÝN

Meginhluti starfsemi sveitarfélagsins hverfist um þarfir og velferð íbúa og á það við um öll svið mannlífsins.

Markmiðið með menningarstefnu Vestmannaeyja er að skapa skýra umgjörð fyrir sköpun og menningarstarfsemi sem eflir samfélagið. Menningar- og safnastarf auðgar líf íbúa og gesta með söfnun, varðveislu og miðlun menningarverðmæta og byggir undir þann félagsauð sem samfélagið býr yfir.

Á sviði menningarmála er mikilvægt að Vestmannaeyjabær sjái fyrir og mæti þörfum íbúa, listamanna og gesta fyrir vettvang menningarmiðlunar. Það er gert með almennum aðgerðum s.s. rekstri menningarstofnana, skipulagningu og utanumhaldi menningartengdra viðburða og hátíða, stuðningi við skapandi einstaklinga og starfandi menningarfélög ásamt því að virkja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku.

Þannig má auka lífsgæði íbúa og gesta, styrkja samfélagið og viðhalda þeim félagsauði sem birtist meðal annars í öfluglu menningarlífi.





## Meginþættir í menningarmálum SKÖPUM VETTVANG

### Aðstaða

*Vestmannaeyjabær móti umgjörð og veiti stuðning, í þeim tilgangi að sköpun og upplifun menningar og lista blómstri. Hlúð skal að frumkvæði íbúa og hvatt til þátttöku þeirra í menningarstarfsemi.*

### Aðgerðir

- Eldheimar og Safnahús Vestmannaeyja, sem hýsir Sagnheima, bókasafn, ljósmyndasafn, héraðsskjalasafn, fágætissal og listasafn, og rekur Landlyst og Skanssvæði, verði miðstöðvar menningarlífs í Vestmannaeyjum. Þar verði miðlun og fræðsla sett fram á áhugaverðan og skýran hátt með áherslu á að höfða til allra aldurshópa, innlendra sem erlendra.
- Á söfnunum fari fram fjölbreyttir viðburðir þar sem sögu og menningu Vestmannaeyja eru gerð góð skil. Salir safnanna nýtist jafnframt eftir atvikum fyrir viðburði, fundi og móttökum á vegum Vestmannaeyjabæjar eða í samstarfi við bæinn.
- Innviðir safnanna verði þróaðir áfram til að efla varðveislu og miðlun í takt við faglega staðla og áherslur stefnunnar.
- Styrkja skal metnaðarfull menningarverkefni og viðburði ár hvert t.d. í gegnum styrktarleið bæjarins, *Viltu hafa áhrif?*
- Útnefna skal bæjarlistamann Vestmannaeyja árlega.
- Stefnt skal að því að sem flestar stofnanir bæjarins nýtist til sýninga- og viðburðahalds, eftir eðli og aðstæðum. Í Vestmannaeyjum eru einnig fjölmörg útisvæði sem nýta má fyrir menningarviðburði af ýmsum toga.
- Vestmannaeyjabær hvetji til og hafi frumkvæði að aukinni umfjöllun og kynningu á menningarstarfi.

# 2

## Meginþættir í menningarmálum

# STYÐJUM LIFANDI SAMFÉLAG

### Fjölbreytileiki

*Vestmannaeyjabær standi fyrir og styðji við viðburðahald sem er opið öllum. Markvisst skal stuðlað að því að menningarlíf bæjarins sé fjölbreytt og aðgengilegt fyrir alla hópa samfélagsins. Lögð skal áhersla á nýsköpun og frumkvæði.*

### Aðgerðir

- Viðburðahald á vegum Vestmannaeyjabæjar verði áfram opið öllum án endurgjalds, þegar við á. Þar undir falla m.a. hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta og 17. júní, Goslokahátíð og Safnahelgi.
- Auka skal aðgengi allra að menningu og viðburðum á vegum sveitarfélagsins.
- Hvetja skal nýja íbúa til virkrar þátttöku í menningarlífi Vestmannaeyja.
- Hvetja skal til samstarfs í menningartengdum verkefnum í sem víðustum skilningi og stuðla að samvinnu milli ólíkra hópa og listgreina.
- Virkja skal drifkraft íbúa, menningarfélaga og fyrirtækja til að taka þátt í og standa fyrir menningarviðburðum, hátíðarhöldum og námskeiðum.

# 3

## Meginþættir í menningarmálum EFLUM TENGSL

### Samstarf

*Vestmannaeyjabær hlúi sérstaklega að menningarstofnunum og tryggi gott flæði milli þeirra og annarra stofnana samfélagsins. Áhersla skal lögð á samstarf innanbæjar, innanlands og á alþjóðlega vísu. Unnið skal markvisst að menningaruppeldi barna og ungmenna svo að menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra.*

### Aðgerðir

- Menningarstofnanir á vegum Vestmannaeyjabæjar vinni í samstarfi að miðlun, fræðslu og viðburðahaldi og móti sameiginlega heildarsýn þar sem við á.
- Styðja skal sérstaklega við barnamenningu, meðal annars með reglulegri barnamenningarhátíð, viðburðum og verkefnum í samstarfi við skóla, frístund og menningarstofnanir.
- Niðurgreiða skal þátttöku barna og ungmenna á aldrinum 6–18 ára í listtengdu námi og öðrum tómstundum sem falla undir reglur sveitarfélagsins um frístundastyrk.
- Efla skal aðstöðu fyrir ungmenni til listiðkunar og sköpunar og auka samtal um menningartengd málefni á vettvangi barna og ungmenna, meðal annars á fundum bæjarstjórnar unga fólksins og ungmennaráðs.
- Efla skal samstarf við þjóðmenningarstofnanir svo íbúar hafi greiðari aðgang að því sem þær hafa upp á að bjóða, meðal annars með samstarfsverkefnum og miðlun.
- Efla skal og styðja við menningu og menningartengda ferðapjónustu með þátttöku í samstarfsverkefnum innan bæjar og utan.



# 4

## Meginþættir í menningarmálum

# MÍÐLUM MENNINGARARFLEIFÐ

### Náttúra og saga

*Vestmannaeyjabær hlúi að helstu stoðum menningar í samfélaginu, standi vörð um sögu og menningu og miðli henni til bæjarbúa. Tengsl við náttúru og sögu eru órjúfanlegur hluti af menningarlífi bæjarins í gegnum söfn og menningartengda viðburði.*

### Aðgerðir

- Skapa skal menningarstofnunum góða starfsaðstöðu til að gera þeim kleift að halda sögu, menningu og minjum samfélagsins á lofti á lifandi og framsækinn hátt. Gera skal listum og menningararfi byggðarlagsins hátt undir höfði þegar kemur að sýninga- og viðburðahaldi.
- Stuðla skal að faglegri söfnun, skráningu, varðveislu og rannsóknum á sviði menningar- og safnamála með það að markmiði að efnið sé sýnilegt, aðgengilegt og nýtist í fræðslu, rannsóknum og menningar-tengdri upplifun.
- Boðið verði upp á aðgengilega viðburði tengda sögu bæjarins með hugmyndir íbúanna að leiðarljósi.
- Unnið verði með frásagnir sem endurspeglar sérstöðu Vestmannaeyja.
- Vestmannaeyjabær haldi á lofti tónlistararfinum, sem m.a. felst í Eyjalögnum, og tengi hann við aðra menningarstarfsemi.



## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Við mótun menningarstefnunnar voru höfð til hliðsjónar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þau verkefni sem falla þar undir. Aðalinntak Heimsmarkmiðanna er að engir einstaklingar eða hópar verði skildir útundan. Í því felst að markmiðin ná til allra samfélagshópa, á öllum aldri. Í framkvæmd hvíla Heimsmarkmiðin á stoðum beggja stjórnsýslustiga á Íslandi, þ.e. ríkis og sveitarstjórna. Í ljósi þess að Heimsmarkmiðin eru dæmi um langtímastefnumótun þar sem sammælt er um stór meginmarkmið til lengri tíma er æskilegt að taka mið af þeim við stefnumótun á sveitarstjórnarstiginu.



## TENGING MEGINÞÁTTA Í MENNINGARSTEFNU VESTMANNAEYJA OG HEIMSMARKMIÐA SP



**4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.



**8.9** Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.



**9.1** Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.



**10.2** Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.



**11.4** Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.



**12.b** Þróuð verði og innleidd verkfæri sem vakta áhrif ferðaþjónustu, sem skapar störf og stuðlar að staðbundinni framleiðslu og menningu, á sjálfbæra þróun.



**17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.



## MAT Á ÁRANGRI

Árangur stefnunnar verður metinn með samantekt á helstu mælikvörðum. Íbúum í Vestmannaeyjum gefst árlega kostur á að taka þátt í þjónustukönnun Gallup þar sem m.a. er spurt um menningarmál. Gestafjöldi á söfnum bæjarins er skráður og þátttaka í helstu viðburðum metin. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um fjölda og fjölbreytni viðburða á vegum bæjarins og stofnana. Stjórnsýslu- og fjármálasvið kallar eftir þessum gögnum frá viðeigandi stofnunum og tekur saman árlega stöðuskýrslu um eftirfylgni á menningarstefnu Vestmannaeyja.

### Endurskoðun

Menningarstefna Vestmannaeyja skal endurskoðuð á fimm ára fresti eða oftár, ef forsendur breytast verulega.

Vestmannaeyjum, 1. maí 2026

*Gígja Óskarsdóttir*

*Kári Bjarnason*

*Kristín Jóhannsdóttir*

*Sigurhanna Friðþórsdóttir*

